

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2003

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi tillögu til þingsályktunar um lífeyrisréttindi hjóna, 46. mál. Þingsályktunartillagan fjallar um að dómsmálaráðherra skipi nefnd sem kanni, hvort rétt sé að tryggja með lögum rétt hjóna til hlutdeildar í lífeyrisrétti maka við skilnað.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða, LL hefur á fundi sínum nýverið tekið fyrir umrætt erindi. Það er skoðun samtakanna að hér sé hreyft mjög viðamiklu og flóknu máli, þar sem ýmis álitamál eru til staðar, ekki síst varðandi réttindagrundvöll lífeyrissjóðanna.

Landssamtök lífeyrissjóða geta fyrir sitt leyti samþykkt að dómsmálaráðherra skipi slíka nefnd, enda eigi bæði LL og þau hagsmunasamtök, sem standa að lífeyrissjóðunum, aðild að nefndinni. Kalla þarf fyrir nefndina ýmsa fagaðila, s.s. tryggingafræðinga og lögmenn, og leita þarf eftir upplýsingum, hvernig að þessum málum er staðið í helstu nágrannalöndum okkar.

Ítrekað skal að hér er til umfjöllunar mjög flókið mál, ekki síst vegna þess að ávinnsla réttinda í lífeyrissjóðum er bundin vinnuframlagi viðkomandi sjóðfélaga. Sjóðfélaginn öðlast ákveðin lífeyrisréttindi með iðgjöldum sínum, sem alls ekki er séreign sjóðfélagans í þeim skilning sem fram kemur í greinargerð þingsályktunartillögunnar. Útborgun lífeyris getur eftir atvikum verið allt önnur en innborguð iðgjöld sjóðfélagans, m.a. vegna samtryggingarþáttarins, sem tryggir ævilangan ellilífeyri, örorkulífeyrir vegna slyss eða sjúkdóms sjóðfélagans og lífeyrir til eftirlifandi maka og barna til að milda fjárhagsleg áföll fjölskyldunnar, þegar sjóðfélagi fellur frá. Huga þarf sérstaklega að þessum samtryggingarþætti lífeyrissjóðanna, ef af þessari nefndarskipan verður.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

